



# Keppnisgreinarreglur fyrir drift

Orðskýringar skálettraðra orða er að finna í *Reglubók FIA* sem aðgengileg er á vef *AKÍS* [www.akis.is](http://www.akis.is)

# 2022



## GREIN 1 ALMENNT

### GREIN 1.1 GILDISSVIÐ

1.1.1 Reglur þessar gilda fyrir allar *keppni* í drifti.

1.1.1.a Keppnishaldara er heimilt að víkja frá keppnisfyrirkomulagi og flokkareglum í *keppnum* öðrum en Íslandsmeistarakeppnum.

1.1.2 *Keppni* eru haldnar samkvæmt *Reglubók FIA* (e. International Sporting Code (ISC)), *keppnisgreinareglum FIA*, þessum *keppnisgreinareglum* og *sérreglum* hversrar *keppni*.

1.1.3 Gæti misræmis á þessum *keppnisgreinareglum* og *keppnisreglum*- eða *Reglubók FIA* þá gilda reglur *FIA*.

## GREIN 2 SKRÁNING

### GREIN 2.1 KEPPENDUR OG ÖKUMENN

2.1.1 Keppanda er heimilt að skrá sig mörgum sinnum í hvern flokk í hverri *keppni*.

2.1.2 Hvert *ökutæki* mega að hámarki tveir *ökumenn* keyra í sömu *keppni*.

2.1.2.a Hvert *ökutæki* má einungis skrá í einn flokk í hverri *keppni*.

2.1.2.b Í opnum flokki má aðeins einn *ökumaður* aka hverju *ökutæki* í hverri *keppni*.

2.1.2.c Hver *ökumaður* má aðeins aka einu *ökutæki* í hverjum flokki.

2.1.3 *Ökumaður* skal hafa mætt á að lágmarki eina æfingu á þeirri *braut* sem *keppnin* fer fram á. Keppnisstjóra er heimilt að falla frá þessari reglu telji hann *ökumann* hafa reynslu sem gefur tilefni til þess.

### GREIN 2.2 ÖKUTÆKI

2.2.1 Ekki er heimilt að skipta út *ökutæki* í *keppni* eftir að skoðun lýkur.

2.2.1.a Dómnefnd er heimilt að falla frá þessari reglu, að því gefnu að allir keppendur í viðkomandi flokki samþykki breytinguna.

## GREIN 3 KEPPNI

### GREIN 3.1 ALMENNT

3.1.1 *Keppni* samanstendur af æfingu, forkeppni og útsláttarkeppni.

3.1.2 Á meðan á *keppni* stendur má einungis *ökumaður* vera í *ökutæki*.

3.1.3 *Keppandi*, *ökumaður* eða liðstjóri skal alltaf vera við *ökutæki* meðan *keppni* fer fram.

3.1.4 *Ökumaður* má hafa tvo aðstoðarmenn inni á pittsvæði og ber á þeim fulla ábyrgð.

3.1.4.a *Ökumanni* í opnum flokki er heimilt að hafa með sér einn leiðbeinanda (e. spotter).

3.1.4.b *Keppnishaldara* er heimilt að leyfa fleiri aðstoðarmenn á þeim forsendum sem hann ákveður.

3.1.5 Um hegðun *ökumanna* í *brautarakstri* gildir kafli IV *viðauka L* í *Reglubók FIA* (CHAPTER IV - CODE OF DRIVING CONDUCT ON CIRCUITS í appendix L).

3.1.5.a Ekki má aka á annað *ökutæki*.

3.1.5.b Aki *ökutæki* á annað *ökutæki* af ásettu ráði hefur dómnefnd heimild til að vísa því úr *keppni*.

3.1.6 Þegar *ökumaður* kemur að rásmarki skal hann vera með spenntan hjálm á höfði, allar rúður lokaðar (nema glugganet sé til staðar), topplúgu lokaða (nema glugganet sé til staðar), öryggisbelti spennt og tilbúinn til aksturs.

3.1.7 Allir *ökumenn* skulu taka þátt í æfingu en keppnisstjóri getur veitt undanþágu frá æfingum eftir atvikum.

3.1.7.a *Ökumaður* í opnum flokki skal að lágmarki hafa tekið þátt í einni æfingu þar sem keyrður var samhliða (e. tandem) akstur.



**3.1.7.b** Keppnisstjóra er heimilt að falla frá þessari reglu telji hann ökumann hafa reynslu sem gefur tilefni til þess.

**3.1.8** Ökumaður má aldrei aka af stað án leyfis frá ræsi.

**3.1.9** Ef ökutæki bilar, skal ökumaður koma því úr aksturslínu sem fyrst, til að forðast leka á vökvum á leið sem gætu valdið hættu.

**3.1.10** Á milli pittsvæðis og rásmarks er hámarkshraði 50 km/klst..

**3.1.10.a** Keppnisstjóra er heimilt að breyta hámarkshraða á afmörkuðum svæðum krefjist leiðin þess og skal það koma fram á keppendafundi.

**3.1.11** Keppendur geta tekið 10 mínútna viðgerðarhlé, einu sinni í hverri keppni.

**3.1.11.a** Þetta hlé má eingöngu taka í útsláttarkeppni, ekki í forkeppni.

**3.1.11.b** Eingöngu keppnisstjóri getur leyft viðgerðarhlé og metur hann það í hvert skipti hvort það sé nauðsyn.

**3.1.11.c** Í viðgerðarhléi sem keppnisstjóri heimilar á milli ferða í einvígi í útsláttarkeppni er óheimilt að skipta um dekk

## GREIN 3.2 LEIÐIN

**3.2.1** Keppnisstjóri skipuleggur leiðina fyrir hverja keppni og skal öryggisfulltrúi samþykkja hana

**3.2.2** Leiðin skal innihalda að lágmarki 3 beygjur.

**3.2.3** Fyrir akstur í opnum flokki skal setja upp hindrun fyrir leiðandi ökutæki til að hægja á því fyrir upphaf leiðar.

## GREIN 3.3 PITTURINN

**3.3.1** Afmarka skal svæði fyrir pitt þar sem ökutæki skulu vera á milli þess sem þau keppa.

**3.3.2** Pittsvæðið skal vera vel merkt og staðsett þannig að frá því sé auðvelt að komast á og af brautinni.

**3.3.3** Inn- og útkeyrsla af pittsvæði skal merkt með skýrum hætti.

**3.3.4** Pittur skal vera það stór að þar sé pláss fyrir öll ökutæki, alla keppendur, ökumenn, þjónustuliða, brautarstarfsmenn, gesti o.s.frv.

**3.3.5** Innan pittsins skal afmarka einn reit fyrir hvert ökutæki og þjónustulið þess sem það hefur til afnota.

**3.3.5.a** Ökumaður skal aka beint í og úr sínu afmarkaða svæði í pittingum og forðast að koma í svæði annarra ökutækja en síns eigin.

**3.3.6** Keppandi skal hafa dúk undir ökutæki þar sem það er staðsett í pitti.

**3.3.7** Spól er stranglega bannað á pittsvæði.

**3.3.8** Á pittsvæði er hámarkshraði 15 km/klst og skal aka þar með fyllstu gát.

## GREIN 3.4 SKOÐUN

**3.4.1** Ökumaður skal vera við ökutæki sitt meðan skoðun fer fram.

**3.4.1.a** Við skoðun skal keppnisgalli og allur persónulegur öryggisbúnaður vera til staðar.

**3.4.2** Skoðunarmaður skal skoða ökutæki með hliðsjón af flokkaskráningu

**3.4.2.a** Skoðunarmaður skal færa viðkomandi ökutæki um flokk eða visa frá keppni uppfylli ökutæki ekki flokka- og öryggisreglur.

**3.4.3** Hávaði frá pústi ökutækis skal ekki vera hærri en 105 dB.

**3.4.3.a** Hávaðamæling skal framkvæmd í eins meters fjarlægð í 45° horni frá enda pústs.

**3.4.3.b** Mæling skal framkvæmd við 4000 sn/mín.

**3.4.4** Óskráð ökutæki skal vera með vottorð frá skoðunarstöð um bremsur og stýrisgang.



## GREIN 3.5 DÓMARAR

**3.5.1** Fyrir keppni gefa keppnisstjóri og dómarar út aksturslínu og áhersluatriði leiðar sem *ökumenn* skulu fylgja.

**3.5.2** Þrír staðreyndadómarar dæma akstur *ökutækja*, línudómari, gráðudómari og stíldómari.

**3.5.2.a** Línudómari gefur *ökumönnum* stig með tilliti til þess hversu vel þeim tekst að halda sig við útgefna aksturslínu.

**3.5.2.b** Gráðudómari fylgist með *ökumönnum* alla ferð þeirra í gegnum merkta akstursleið og gefur þeim stig með tilliti til hversu mikilli gráðu þeim tekst að halda ökuæki í miðað við beina akstursstefnu.

**3.5.2.c** Stíldómari gefur *ökumönnum* stig fyrir sérhverja umferð byggt á akstursstíl viðkomandi keppanda

**3.5.2.c.i** Hvernig ökumaður byrjar skrið

**3.5.2.c.ii** Nálægð hans við keilur og/eða aðra hluta leiðar sem ætlast er til að ökumaður sé nálæg.

**3.5.3** Æskilegt er að allir staðreyndadómarar hafi setið námskeið í dómgæslu.

**3.5.3.a** Þó skal að lágmarki einn þeirra vera búinn að sitja slíkt námskeið og skal hann þá vera formaður dómara.

## GREIN 3.6 STIGAGJÖF

**3.6.1** Stig skal gefa í heilum tölum.

**3.6.1.a** Línudómari gefur *ökumönnum* 0 til 25 stig.

**3.6.1.a.i** Hann hefur að auki 0 til 10 stig til að gefa *ökumönnum* og getur þá tekið tillit til akstursstíls og hraða þeirra í braut.

**3.6.1.b** Gráðudómari gefur *ökumönnum* frá 0 til 25 stig.

**3.6.1.b.i** Hann hefur að auki 0 til 10 stig til að gefa *ökumönnum* og getur þá tekið tillit til akstursstíls og hraða þeirra í braut.

**3.6.1.c** Stíldómari gefur *ökumönnum* frá 0 til 30 stig.

**3.6.2** Línudómari og gráðudómari gefa þannig allt að 35 stig hvor og stíldómari allt að 30 stig.

**3.6.3** Ökumaður getur því fengið allt að 100 stig í hverri ferð.

**3.6.4** Ökumaður fær engin stig fyrir ferð ef:

**3.6.4.a** Tvö eða fleiri dekk *ökutækis* fara út fyrir leið.

**3.6.4.b** Ökutæki snýst á meðan á akstri leiðar stendur.

**3.6.4.c** Húdd, skottlok og/eða hurð á ökutæki opnast á meðan á akstri leiðar stendur.

## GREIN 3.7 LEIÐBEINANDI/SPOTTER

**3.7.1** Leiðbeinandi hefur það hlutverk að leiðbeina *ökumanni* í gegnum leiðina.

**3.7.2** Keppnisstjóri skal fara yfir með leiðbeinendum hvar þeim er heimilt að vera staðsettir á meðan keppni fer fram.

**3.7.3** Ökumanni og leiðbeinanda er heimilt að hafa fjarskipti sín á milli.

## GREIN 4 KEPPNISFYRIRKOMULAG

### GREIN 4.1 ÆFING

**4.1.1** Æfing skal fara fram áður en forkeppni hefst og er keppendum skylt að taka þátt í henni.

**4.1.1.a** Keppnisstjóra er heimilt að falla frá þessari reglu telji hann ökumann hafa reynslu sem gefur tilefni til þess

**4.1.2** Keyra skal leiðina sem notuð verður í keppninni og skal ökumaður keyra að lágmarki eina ferð.

### GREIN 4.2 FORKEPPNI

**4.2.1** Tvær umferðir eru keyrðar í forkeppni en ökumaður þarf ekki að nýta báðar, betri ferðin gildir.



**4.2.2** Ef tveir *ökumenn* eru með jafnmörg stig eftir forkeppni, raðast sá fyrir ofan sem var með fleiri stig í fyrri umferð forkeppninnar.

**4.2.3** Ef *ökumaður* fer ekki ferð í forkeppni, fellur hann úr *keppni* og er ekki talinn með í bráðabirgða- og lokaúrslitum.

### GREIN 4.3 UPPRÖÐUN

**4.3.1** *Ökumönnum* er raðað upp eftir stigafjölda úr forkeppni.

**4.3.2** Efstu 8 *ökumenn* úr forkeppninni raðast upp í útsláttarkeppni.

**4.3.2.a** *Ökumenn* sem ekki ná einu af 8 efstu sætum í forkeppni falla úr keppni.

**4.3.3** *Ökumönnum* skal raða upp í tré eftir sæti í forkeppni

**4.3.3.a** Fyrsta umferð: 1. sæti á móti 8. sæti, 3 sæti á móti 6. sæti, 2. sæti á móti 7. sæti og 4. sæti á móti 5. sæti.

**4.3.3.a.i** Í annarri umferð keppa sigurvegarar úr fyrstu umferð: 1/8 á móti 3/6, 2/7 á móti 4/5.

**4.3.3.a.ii** Til úrslita keppa sigurvegarar úr annarri umferð og þeir sem tapa keppa um 3. til 4. sæti..

**4.3.3.b** Séu færri en 8 *ökumenn* skal halda sömu uppröðun en sleppa að raða inn þeim sætum sem eru ekki til staðar.

**4.3.3.c** Stakir *ökumenn* sem sitja hjá þurfa ekki að keyra.

### GREIN 4.4 ÚTSLÁTTARKEPPNI GÖTUBÍLA- OG MINNI GÖTUBÍLAFLOKKS

**4.4.1** *Ökumenn* hafa 60 sekúndur til að koma sér að rásmarki eftir að þeir eru kallaðir upp.

**4.4.2** *Ökumenn* stilla sér upp á tilgreindum stað fyrir hverja viðureign áður en ræst er.

**4.4.3** *Ökumenn* keyra leiðina til skiptis, í röðinni ABAB, tvær ferðir hvor og byrjar sá sem fékk fleiri stig í forkeppni.

**4.4.4** Allir dómamarar dæma öðrum *ökumanninum* í vil og dæma þá alla þætti ferðarinnar hver fyrir sig.

**4.4.5** Línudómari gefur 0 stig (af allt að 25) fyrir ferð ef *ökumaður* missir skrið og/eða stoppar við akstur leiðar.

**4.4.5.a** Honum er þó heimilt að gefa allt að 10 stig fyrir akstursstíl og hraða.

**4.4.6** Dómarar skera úr um sigurvegara eftir báðar ferðir *ökumanna*.

**4.4.6.a** Viðureignin gæti endað með sigri annars hvors eða með jafntefli.

**4.4.6.b** Ef um jafntefli er að ræða skal aka aðra umferð.

**4.4.6.b.i** Hafa *ökumenn* þá rétt á því að fara á viðgerðarsvæði í stutt hlé fyrir dekkjaskipti o.þ.h. sé þess þörf.

### GREIN 4.5 ÚTSLÁTTARKEPPNI OPINS FLOKKS

**4.5.1** *Ökumenn* hafa 60 sekúndur til að koma sér að rásmarki eftir að þeir eru kallaðir upp.

**4.5.2** Allir dómamarar dæma öðrum *ökumanninum* í vil og dæma þá alla þætti ferðarinnar hver fyrir sig.

**4.5.3** *Ökumenn* stilla sér upp á tilgreindum stað fyrir hverja viðureign áður en ræst er.

**4.5.4** *Ökumenn* keyra leiðina saman, sá sem er stigahærri úr forkeppni byrjar á að leiða og sá sem var lægri í forkeppni eltir, svo skipta þeir í hverri ferð þaðan í frá.

**4.5.5** *Ökumaður* fær engin stig fyrir ferð ef:

**4.5.5.a** hann veldur árekstri sem hefði verið hægt að forðast, eða rekst á keppinaut sinn og veldur breytingu á skriði hans og/eða snýr honum;

**4.5.5.b** hann, í aftara ökutæki (sá sem eltir), tekur fram úr fremra ökutæki (sem leiðir) á óleyfilegan hátt;

**4.5.5.c** hann missir skrið og/eða stoppar og missir þannig af keppinaut.

**4.5.6** Missi leiðandi *ökumaður* skrið, eða fer út af leið, skal sú ferð teljast töpuð hjá honum.

**4.5.6.a** Fylgjandi *ökumanni* er þá ekki skylt að klára leiðina.

**4.5.7** Dómarar skera úr um sigurvegara eftir báðar ferðir *ökumanna*.

**4.5.7.a** Viðureignin endar með sigri annars hvors eða með jafntefli.



**4.5.7.b** Ef um jafntefli er að ræða skal aka aðra umferð.

**4.5.7.b.i** Hafa keppendur þá rétt á því að fara á viðgerðarsvæði í stutt hlé fyrir dekkjaskipti o.þ.h. sé þess þörf.

## **GREIN 4.6 ÁREKSTUR Í OPNUM FLOKKI**

**4.6.1** Verði árekstur í keppni í Opnum flokk, dæma dómara hvort annarhvor *ökumaður* beri ábyrgð á árekstrinum og hvort *ökutæki hafi* orðið fyrir skemmdum.

**4.6.2** Hafi *ökutæki* orðið fyrir skemmdum í árekstri geta báðir *ökumenn* tekið 10 mínútna viðgerðarhlé í beinu framhaldi.

**4.6.2.a** Dugi 10 mínútur ekki til, getur aðeins sá *ökumaður* sem ekki var ábyrgur fyrir árekstrinum tekið lengra hlé. Hefur sá *ökumaður* þá viðgerðarhlé þangað til komið er að næstu umferð, sé það lengur en 10 mínútur.

**4.6.2.b** Takist ökumanni og aðstoðarmönnum hans tveimur ekki að gera *ökutæki* sitt ökuhæft fyrir næstu umferð er þeim ökumanni dæmt í vil úr því einvígi.

**4.6.3** Verði árekstur í keppni fyrir Opinn flokk, í fyrri ferð og dæmist þannig að hvorugum ökumanni sé um að kenna, vinnur sá sem hlaut fleiri stig í forkeppni.

**4.6.4** Verði árekstur í seinni ferð og hvorugum *ökumanni* er um að kenna er dæmt út frá niðurstöðu fyrri ferðar.

## **GREIN 4.7 STIG TIL ÍSLANDSMEISTARA**

**4.7.1** Sá *ökumaður* sem hlotið hefur flest stig samanlagt úr öllum *keppnum* til Íslandsmeistara telst Íslandsmeistari.

**4.7.1.a** Séu fimm keppnir eða fleiri telja allar keppnir til stiga nema ein.

**4.7.2** Stig til Íslandsmeistara eru gefin fyrir sæti í lokaúrslitum samkvæmt eftirfarandi töflum.

**4.7.2.a** Fyrir úrslit í forkeppni eru gefin:

1. sæti: 15 stig
2. sæti: 12 stig
3. sæti: 10 stig
4. sæti: 8 stig
- 5.-6. sæti: 6 stig
- 7.-8. sæti: 5 stig
- 9.-12. sæti: 4 stig
- 13.-16. sæti: 3 stig
- 17.-24. sæti: 2 stig
- 25.-32. sæti: 1 stig

**4.7.2.b** Fyrir lokaúrslit í úrslitakeppni eru gefin:

1. sæti: 100 stig
2. sæti: 88 stig
3. sæti: 78 stig
4. sæti: 69 stig
- 5.-8. sæti: 61 stig

**4.7.3** Séu tveir eða fleiri keppendur með jafnmörg stig í efsta sæti í lok keppnistímabils skal sá teljast Íslandsmeistari sem var ofar í þeirra síðustu innbyrðis keppni.

## **GREIN 5 ÖRYGGISMÁL**

### **GREIN 5.1 PERSÓNULEGUR BÚNAÐUR ÖKUMANNA**

#### **5.1.1 Í öllum flokkum**

**5.1.1.a** Hjálmar skulu uppfylla staðla samkvæmt reglum *AKÍS/FIA*.

**5.1.1.b** Myndavélar eða annar aukabúnaður festur á hjálm eða *ökumann* á annan hátt er bannaður.

**5.1.1.c** Ef keppnistóll er settur í *ökutækið* er skylda að hafa að lágmarki 5 punkta öryggisbelti.

**5.1.1.d** HANS búnaður er skylda í *ökutækjum* sem búin eru fimm eða sex punkta öryggisbeltum og skal hann vera með viðurkenningu frá *FIA* (FIA 8858) eða *SFI* (SFI 3.3).



**5.1.1.e** Ef ekki eru hliðarrúður í *ökutækinu* eða *ökumaður* hyggst hafa þær opnar, skal hann hafa lokaðan hjálm og armólar eða glugganet.

#### **5.1.2 Í opnum flokki**

**5.1.2.a** *Ökumenn* skulu vera í að lágmarki tveggja laga eldheldum heilgalla með viðurkenningu frá *FIA* (FIA 8856-2000), *SFI* (SFI 3.2A/5 eða hærra).

**5.1.2.a.i** Ekki má prenta auglýsingar beint á heilgallann eða sauma í hann nema af framleiðanda hans.

**5.1.2.b** Fyrir öll hlífðarföt gildir að þau skulu formuð og sniðin þannig að þau skýli vel öllum líkamanum þar á meðal hnakka, ristum og úlnliðum.

**5.1.1.c** Skylda er að vera með lambhúshettu úr eldheldu efni sem ber viðurkenningu frá *FIA* (FIA 8856-2000) eða *SFI* (SFI 3.3/ 5 eða hærra).

**5.1.2.d** Undirföt skulu vera úr bómull eða ull.

**5.1.2.e** Skylda er að vera í skóm og hönskum úr eldheldu efni sem bera viðurkenningu frá *FIA* (FIA 8856-2000) eða *SFI* (SFI 3.3/ 5 eða hærra).

**5.1.2.f** *HANS* búnaður er skylda og skal hann vera með viðurkenningu frá *FIA* (FIA 8858) eða *SFI* (SFI 3.3).

### **GREIN 5.2 ÖRYGGISBÚNAÐUR VIÐ BRAUTINA**

**5.2.1** Slökkvitæki skulu staðsett á skilgreindum svæðum við leiðina eða í öryggisbifreið(um) við leiðina þannig að tryggt sé að viðbragð við eldi sé skjótt.

**5.2.1.a** Keppnisstjóri skal kynna á keppendafundi hvar slökkvitæki verða staðsett við leiðina.

### **GREIN 5.3 ÖRYGGISBÚNAÐUR ÖKUTÆKJA**

**5.3.1** *Ökutæki* sem keppa í opnum flokki skulu uppfylla eftirfarandi atriði:

**5.3.1.a** *Ökutæki* skal standast NEZ technical regulation 2020.

### **GREIN 5.4 FLÖGG OG MERKJAGJÖF**

**5.4.1** Brautarverðir gefa *ökumönnum* merki með eftirfarandi flöggum:

**5.4.1.a** Grænt flagg: Leiðin er auð og tilbúin fyrir akstur.

**5.4.1.b** Gult flagg: Hætta á leið, keyra skal rólega til baka í pít.

**5.4.1.c** Rautt flagg: Keppni stöðvuð, *ökumaður* skal stöðva ökutæki undir eins og bíða frekari fyriræla.

### **GREIN 5.5 ÖRYGGISFULLTRÚI**

**5.5.1** Öryggisfulltrúi ber ábyrgð á að framkvæmd keppni stefni ekki áhorfendum, starfsmönnum, keppendum eða tengdum aðilum í hættu.

**5.5.2** Öryggisfulltrúi hefur heimild til að stöðva keppni eða einstaka keppendur eða ökumenn, telji hann þörf á því.

**5.5.3** Verði slys á fólki ber öryggisfulltrúa að gera skýrslu til AKÍS um atvikið, lýsa aðstæðum og meta mögulegar orsakir.

**5.5.4** Öryggisfulltrúa er heimilt að taka ökutæki sem aðild á að óhappi til frekari skoðunar áður en keppandi fær aðgang að því aftur.

**5.5.4.a** Slík skoðun má fara fram eftir að keppni lýkur.

## **GREIN 6 KEPPNISFLOKKAR**

### **GREIN 6.1 REGLUR SEM GILDA FYRIR ALLA FLOKKA**

**6.1.1** Dómnefnd er heimilt, að tillögu skoðunarmanns, að færa *ökumenn* um flokk fram að *ræsingu* fyrstu ferðar í forkeppni.

**6.1.2** Að lágmarki skal vera ein dráttarlykkja til staðar á *ökutæki*.

**6.1.3** Einungis ökutæki með drif á aftari öxli eru leyfileg.

**6.1.4** Pallbílar og aðrir jeppar yfir 2000 kg að eiginþyngd eru bannaðir.



6.1.5 Óheimilt er að nota rafmagn sem orkugjafa *ökutækis*.  
6.1.5.a Hybrid *ökutæki* eru óheimil.

## GREIN 6.2 MINNI GÖTUBÍLAFLOKKUR

6.2.1 Allar reglur í grein 6.1 gilda um þennan flokk.

6.2.2 Skráningarskyld *ökutæki* á númerum og með fulla skoðun frá viðurkenndri skoðunarstöð.

6.2.2.a Keppnisstjori getur þó gefið undanþágu frá þessum reglum vegna tjóns sem hefur orðið í keppninni.

6.2.3 Útfærsla á vél- og drifbúnaði er frjáls.

6.2.3.a Hámarks afl er 300 hestöfl við hjól samkvæmt aflmælingu viðurkenndri af AKÍS.

6.2.3.b Dómnefnd er heimilt að láta framkvæma aflmælingu til staðfestingar á hámarks afli telji hún ástæðu til þess.

6.2.3.b.i Keppandi greiðir fyrir mælinguna reynist afl ökutækisins yfir settu hámarki.

6.2.3.b.ii Keppnishaldari greiðir fyrir mælinguna reynist afl ökutækisins innan settra marka.

6.2.4 Allar breytingar á stýrisbúnaði eru leyfðar.

6.2.5 Ökumenn mega ekki keyra fleiri en átta keppnir í flokknum.

6.2.5.a Lendi *ökumaður* í þremur efstu stigasetum íslandsmótsins í drifti er honum óheimilt að taka þátt í flokknum framar.

6.2.5.a.i Regla 6.2.5.a. á ekki við ef *ökumaður* er yngri en 17 ára.

6.2.5.b Hafi *ökumaður* keppt í Götubíla- eða Opnum flokki er honum óheimilt að keyra í flokknum.

6.2.6 Dekk skulu ekki vera breiðari en 225mm.

## GREIN 6.3 GÖTUBÍLAFLOKKUR

6.3.1 Allar reglur í grein 6.1 gilda um þennan flokk.

6.3.2 Skráningarskyld *ökutæki* á númerum og með fulla skoðun frá viðurkenndri skoðunarstöð.

6.3.2.a Sé *ökutæki* ekki á númerum skal *keppandi* framvísa vottorði fyrir bremsum og stýrisgangi frá viðurkenndri skoðunarstöð.

6.3.3 Dekk skulu ekki vera breiðari en 245mm.

6.3.4 Séu gerðar breytingar á staðsetningu upprunalegs búnaðar (t.d rafgeymi, bensínkerfi og bensíntanki) í ökutækinu skal fara eftir reglum sem gilda í opnum flokki.

## GREIN 6.4 OPINN FLOKKUR

6.4.1 Allar reglur í grein 6.1 gilda um þennan flokk.

6.4.2 Skráningarskyld *ökutæki* á númerum og með fulla skoðun frá viðurkenndri skoðunarstöð.

6.4.2.a Sé *ökutæki* ekki á númerum skal *keppandi* framvísa vottorði fyrir bremsum og stýrisgangi frá viðurkenndri skoðunarstöð.

6.4.3 Dekk skulu ekki vera breiðari en 285mm.